



# Skorradalshreppur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/2650*  
*komudagur 29.5.2012*

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Grund í Skorradal, 29. maí 2012  
1205003 PD

Efni: Tekjustofnar sveitarfélaga – ábending

Varðar bæði lagafrumvörp nr. 510 og 633 á 140 löggjafarþingi.

Skorradalshreppur bendir á fleiri misræmi er varðar skráningu fasteigna í rétta flokka þar sem núna er til umfjöllunar í bæði Umhverfis- og samgöngunefnd, 633 mál og í Efnahags og viðskiptanefnd, mál 510 sem varðar skráningu hesthúsa.

Misræmið hér í sveitarfélaginu er skráning bátaskýla. Ef bátaskýlið stendur á sömu lóð og sumarbústaðurinn fer það í A-flokk en ef það stendur á sér lóð þá skráist það í C-flokk þó að sumarrhúsaþyggðin sé við hliðina. Ástæðan er sú lóðin undir bátaskýlinu er skráð sem iðnaðar- og athafnalóð í fasteignaskrá.

Finnst eigendum þessara bátaskýla sem lenda í C-flokk þetta vera ósanngjarnt og ekki jafnræði, líkt og eigendur hesthúsa hafa kvartað fyrr í vetur. Sjá einnig meðfylgjandi myndir.

Hvet ég nefndarmenn til að skoða þetta með opnum hug um hvort þurfi ekki að laga lagatextann enn betur í frumvarpinu og fara betur hvaða fasteignir eru að valda svipuðum vandamálum og hesthúsin.

Mætti nefna eitt almennt dæmi, t.d. ef bílskúr sé byggður á sérlóð hjá íbúðarhúsi þá væri hann í C-flokk en ef hann sé byggður á sömu lóð og íbúðarhúsið, þá færi hann í A-flokk. Ekki sanngjarnt og þarf að laga.

Virðingarfyllst,

Pétur Davíðsson  
hreppsnefndarmaður

© Loftmyndir ehf. Allur önnur eiginsemi.  
KORTAÐAR



© Loftmyndir ehf. Allur önnur eiginsemi. Loftmyndir ehf. 2012

# Summary of Comments on KortaSjá Loftmynda

---

Page: 1

---

Author: Administrator      Subject: Sticky Note      Date: 29.5.2012 12:10:59

---

Dæmi:

Bátaskýll í Vatnsendahlíð. (Lengja með 5 hólfum)

Standa á sér lóð sem kallast iðnaðar- og athafnalóð. Skrálist í C-flokk.

Stærðir og  
KORTAÐ

Þíjahlíð, Skorradal



© Loftmyndir ehf. Allt réttir áskilin. Loftmyndir 03 2012

# Summary of Comments on KortaSjá Loftmynda

---

Page: 1

---

Author: Administrator      Subject: Sticky Note      Date: 29.5.2012 11:21:43

---

Dæmi:

Bálaskýli í Fíjahlíð

Erinn á lóð þar sem frístundarhús er og skráist í A-flokk eins og sumarbústaðurinn, sbr. lög.